

# GJALDSKRÁ

## mælingadeildar borgarverkfræðingsins í Reykjavík.

### 1. Staðsetning bygginga.

Mælingadeild mælir fyrir staðsetningu nýbygginga á lóðum samkvæmt umsóknnum lóðarhafa eða umboðsmanns hans. Umsækjandi skal greiða fyrir mælinguna eins og hér segir:

- a) Fyrir tvær línur hornréttar hvora á aðra og hæðarmælingu á einum punkti skal greiða 17.860 krónur.
- b) Ef um er að ræða fleiri línur en tvær í sömu mælingu, skal greiða 2.500 krónur fyrir hverja viðbótarlínu.
- c) Ef um fleiri en eitt hús er að ræða á sömu lóð og mælt er samtímis, er gjaldið 50% af fullu gjaldi fyrir hverja byggingu umfram eina.
- d) Fyrir hæðarmælingu, sem ekki er framkvæmd um leið og mælingar skv. a – c liðum þessarar greinar, skal greiða 5.000 krónur fyrir einn punkt og 500 krónur fyrir hvern punkt umfram einn.

### 2. Staðsetning lóðamarka samkvæmt málsettum uppdrætti.

Mælingadeild mælir og staðsetur lóðamörk eftir málsettum uppdráttum samkvæmt umsókn lóðarhafa eða umboðsmanns hans. Gjald vegna staðsetningar lóðamarka er eins og hér segir:

- a) Fyrir fyrstu fjóra lóðamarkapunkta greiðast 17.860 krónur. Fyrir hvern viðbótarpunkt umfram fjóra, sem samtímis eru mældir, greiðast 1.500 krónur.
- b) Ef jafnframt og samtímis er óskað hæðarmælingar á lóðamarkapunktum skal greiða 1.000 krónur fyrir hana og 500 krónur fyrir hvern punkt umfram einn.
- c) Ef óskað er eftir að bygging verði staðsett um leið og lóðamörk, greiðist 50% af gjaldi samkvæmt 1. gr. fyrir staðsetningu byggingarinnar.
- d) Ef óskað er eftir staðsetningu á fleiri en einni samliggjandi lóðum og mælt er samtímis, skal greiða 50% af fullu gjaldi fyrir hverja lóð umfram eina.

### 3. Könnun lóðamarka og gerð uppdráttar.

- a) Fyrir tillöguuppdrætti, sem mælingadeild gerir að ósk lóðarhafa vegna lóðarskiptinga eða annarra markabreytinga, sem samþykki skipulags- og bygginganefndar þarf til, skal greiða 6.000 krónur.
- b) Fyrir könnun mælingadeildar á lóðamörkum eignarlóða og gerð málsettra uppdráttar af þeim, þegar ekki er til útgefið, málsett lóðarblað (mæliblað), skal greiða 38.000 krónur.

### 4. Staðfesting mælinga.

Fyrir staðfestingu mælingadeildar á staðsetningu bygginga og lóða samkvæmt mælingum, sem aðrir en starfsmenn mælingadeildarinnar hafa framkvæmt, skal greiða 56% af venjulegu gjaldi samkvæmt 1. og 2. gr. gjaldskrár þessarar.

### 5. Almenn ákvæði.

Niðurstaða staðsetningarmælinga á lóðum og húsum er gefin upp í hnitum og á uppdráttum þegar við á.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, að viðbættum virðisaukaskatti, skulu greidd um leið og þjónustunnar er óskað.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sbr. 9. gr. laga nr. 135/1997, og samþykkt af borgarráði Reykjavíkur 6. febrúar 2001, öðlast gildi við birtingu.

*Reykjavík, 6. febrúar 2001.*

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.**

19. mars 2001

Nr. 257

## SAMPYKKT

**um stjórn og fundarsköp Kirkjubólshrepps.**

### I. KAFLI

**Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.**

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Kirkjubólshrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

#### 2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

#### 3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Kirkjubólshrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefndin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem hreppsnefndin hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

#### 4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

#### 5. gr.

Hreppsnefnd skal annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur hreppsnefnd ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

#### 6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Kirkjubólshrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar og aðrar nefndir ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga hreppsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, og stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi hreppsins og ráða starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.